



**Landskjörstjórn**

**Skýrsla landskjörstjórnar  
um undirbúning og framkvæmd  
sveitarstjórnarkosninga  
4. maí 2024 í sameinuðu  
sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps  
og Vesturbyggðar**

## Formáli

Landskjörstjórn skal eftir hverjar kosningar skila ráðherra skýrslu um undirbúning og framkvæmd þeirra sem ráðherra skal leggja fyrir Alþingi, samkvæmt 14. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Þann 4. maí sl. fóru fram sveitarstjórnarkosningar í sameinuðu sveitarfélagi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps og er í þessari skýrslu fjallað um undirbúning og framkvæmd þeirra.

Fyrir hönd landskjörstjórnar, 28. júní 2024,

Ástríður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri.

## 1. Landskjörstjórn

Meginhlutverk landskjörstjórnar er að hafa yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd kosningalaga. Í því felst að henni ber m.a. að veita ráðgjöf um kosningar og framkvæmd þeirra, gera tillögur að reglugerðum, gefa út almenn fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd kosninga og veita fræðslu og leiðbeiningar um kosningar. Þá ber henni einnig að birta niðurstöður kosninga, gefa út ársskýrslur og vinna að framþróun kosningaframkvæmdar.

## 2. Undirbúningur

Þann 19. mars 2024 birti innviðaráðuneytið auglýsingu nr. 344/2024 í Stjórnartíðindum, um staðfestingu innviðaráðuneytisins á sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í eitt sveitarfélag. Í auglýsingunni var kveðið á um að boðað skyldi til sveitarstjórnarkosninga í hinu sameinaða sveitarfélagi þann 4. maí 2024. Strax þann 19. mars sl., upplýsti landskjörstjórn helstu framkvæmdaraðila um fyrirhugaðar sveitarstjórnarkosningar og áréttaði hlutverk hvers og eins.

Þann 21. mars 2024 birti landskjörstjórn auglýsingu nr. 365/2024 í Stjórnartíðindum um að boðað væri til sveitarstjórnarkosninga í sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar þann 4. maí 2024. Í auglýsingunni kom m.a. fram að frestur til að skila inn framboðslistum til yfirkjörstjórnar væri til kl. 12 á hádegi 29. mars og að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hæfist svo fljótt sem kostur væri eftir að framboðslistar hefðu verið auglýstir, en þó eigi síðar en 29 dögum fyrir kjördag.

Þjóðskrá Íslands gaf út kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar og var viðmiðunardagur hennar 27. mars 2024. Sýslumenn eru kjörstjórar hver í sínu umdæmi og sjá þeir um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sem hófst þann 5. apríl sl.

Landskjörstjórn lét útbúa veggspjöld með kosninga-leiðbeiningum sem skyldu vera sýnileg á áberandi stað á kjörstöðum sveitarfélagsins, sem voru fjórir. Veggspjöldin voru gefin út á íslensku, ensku og pólsku og voru bæði fyrir kosningu á kjörfundi sem og utan kjörfundar. Þá sendi landskjörstjórn yfirkjörstjórn í hinu sameinaða sveitarfélagi einnig ýmis önnur gögn sem notuð eru á kjördag, s.s. síma til að skanna rafræn skilríki, atkvæðakassa o.fl.

## 3. Framkvæmd

Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga hafa umsjón með framkvæmd sveitarstjórnarkosninga hver í sínu sveitarfélagi. Landskjörstjórn átti gott samstarf við yfirkjörstjórn hins sameinaða sveitarfélags og hélt m.a. tvo fundi með henni þar sem farið var yfir framkvæmd sveitarstjórnarkosninga og helstu ákvæði kosningalaga og reglugerða.

Á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar voru 1.001 kjósandi, þar af voru erlendir ríkisborgarar 224 sem gerir 22.3% allra á kjörskrá. Alls greiddu 665 atkvæði, kosningabátttaka var 66,4%. Á kjördag starfrækti landskjörstjórn bakvakt frá kl. 09:00 – 22:00 en engin erindi eða athugasemdir bárust. Ekki hafa borist upplýsingar um annað en að atkvæðagreiðsla á kjördag hafi gengið vel og eðlilega fyrir sig og talning atkvæða gekk að sama skapi vel. Engar kærur bárust úrskurðarnefnd kosningamála.

Yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga ber að reikna út kosningaúrslit í sveitarfélaginu á grundvelli 116. og 117. gr. kosningalaga, sbr. 24. gr. reglugerðar um talningu atkvæða nr. 447/2024. Þá ber yfirkjörstjórn að senda landskjörstjórn greinargerð um úrslit kosninganna. Landskjörstjórn útbjó sýnishorn af kosningaskýrslu fyrir yfirkjörstjórn og ráðgjafi landskjörstjórnar var til taks og aðstoðaði yfirkjörstjórnina við útfyllingu skýrslunnar.

Landskjörstjórn sendi yfirfarna og útfyllta kosningaskýrslu á PDF-skráarsniði til yfirkjörstjórnarinnar til skráningar og varðveislu í málaskrá hins sameinaðs sveitarfélags sem heimild um úrslit kosninganna.

## 4. Lokaorð

Að afloknum kosningunum átti landskjörstjórn fund með yfirkjörstjórn sveitarfélagsins í þeim tilgangi að fara yfir framkvæmdina og meta hvað hafi gengið vel og hvort einhver atriði mætti bæta. Einkum komu fram athugasemdir við framkvæmd kjörstjóra á utankjörfundaratkvæðagreiðslunni og viðveru umboðsmanna á kjördag. Landskjörstjórn hefur komið ábendingum á framfæri við kjörstjóra en mun skoða nánar athugasemdir er lúta að umboðsmönnum.

Landskjörstjórn telur að undirbúningur og framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna 4. maí 2024 hafi gengið vel og framkvæmdin öll verið til fyrirmyndar.



**Landskjörstjórn**

ISBN 978-9935-9666-5-0